

Alþingi
Erindi nr. P 140/1515
komudagur 13.3.2012

From: hordur gudbrandsson [<mailto:hordurgudbrandsson@hotmail.com>]
Sent: 12. mars 2012 19:33
To: Kristín Einarsdóttir
Subject:

Sæl Kristín

Eftir að hafa beðið lengi eftir fundi hjá innanríkisráðuneyti áttum við ágætan fund þann 2/3/2012 með embættismönnum ráðuneytisins, eftir þann fund bentur þeir okkur á að þetta ætti erindi við samgöngunefnd alþingis þar sem samgönguáætlun er til umfjöllunar.

Hér með óskum við eftir að heimsækja nefndina

m.b.kv Hörður Guðbrandsson og félagar

Samgönguáætlun 2009-2012

Borist hefur til umsagnar samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012 sem lögð hefur verið fram á Alþingi og er þar til umfjöllunar.

Afgreiðsla; Hreppsnefnd Kjósarhrepps gerir eftirfarandi bókun varðandi áætlunina: „Hreppsnefnd Kjósarhrepps gerir alvarlegar athugasemd við að enn og aftur sé endurbætur á veginum um Kjósarskarð ýtt til hliðar og að alls ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum í áætluninni. Hreppsnefnd krefst þess að staðið verði við fyrirheit um vegabætur sem barist hefur verið fyrir um áraraddir og bendir á að verkið sé þegar tilbúið til útboðs og að fjármunir hafi verið eyrnamerkir framkvæmdinni um margra ára skeið. Greinargerð Hreppsnefnd Kjósarhrepps hefur um langt árabil lagt þunga áherslu á endurgerð vegarins um Kjósarskarð. Ávallt hefur það þó farið þannig, þó árangur hafi náðst, að verkefninu hefur verið vikið til hliðar. Við gerð síðustu vegaáætlunar náðist loks árangur með því að fjármagni var veitt til verksins. Unnið hefur verið, af hálfu Vegagerðarinnar, að hanna veginn. Er því verkefni nú lokið, og er verkið tilbúið til útboðs. Nú ber hinsvegar svo við að enn og aftur hefur skapast óvissa um framgang verkefnisins. Veldur það miklum vonbrigðum og ekki síst í því ljósi að ástand vegarins er með öllu óviðunandi og ekki útlit fyrir annað en að grípa þurfi til verulegs viðhalds, ef af framkvæmdum getur ekki orðið, þannig að vegurinn þjóni sínu mikilvæga hlutverki. Meðal þess sem knýir á að í verki verði ráðist er:

- Vegurinn er notaður til þungaflutninga sem ekki geta farið um Hvalfjarðargöng og ekki fæst undanþága fyrir þungaflutninga um Laxárbrú, en umferð um hana er háð þungatakmörkunum.
- Vegurinn er notaður sem varavegur þegar vegurinn um Kjalarnes lokast vegna óhappa og veðurofsa.
- Vegurinn hefur tekið sinn toll m.t.t. umferðarslysa á undanförunum árum. Árlega verða þar umferðarslys vega slæms ástands vegarins sem hafa m.a. leitt til dauðsfalla.
- Sem stendur veigra íbúar Kjósarhrepps og almennir ferðamenn sér við að fara um veginn vegna slæms ástands þó mun styttra sé um hann að fara á milli suður og vesturlands.
- Umferð ferðafólks hefur aukist um veginn þar sem hann tengir saman Þingvallasvæðið og Hvalfjörð.

Upplýsingar vegna Kjósaskarðsvegar

- Kjósaskarðsvegur er hættulegur (sjá upplýsingar frá Óðni).
- Varaleið vegna Kjalarnes vegna veðurs (t.d stórir bílar og flutningabílar).
- Mjög vaxandi umferð (ferðamenn og umferð suðurland-vesturland).
- Tengivegur vegna vesturland-suðurland.
- Ber ekki þá umferð sem um hann fer (burðarþol + frostþol)
- Tilbúin í útboð strax.
- Hentar vel fyrir alla gerðir vertaka.
- Lengi verið bent á nauðsyn á endurbótum (sjá upplýsingar frá hreppsnefnd).
- Mikilvægur vegna vaxandi ferðamannaiðnaðar á svæðinu.
- Mikil breyting á umferð á svæðinu vegna annara nýrra vega t.d Lyngdalsheiði, Suðurstrandavegi og ný Hvítárbrú.

1. STEFNUMÓTUN SAMGÖNGUÁÆTLUNAR

Góðar samgöngur eru ein af grundvallarforsendum fyrir öflugu atvinnulífi, framförum og kraftmiklu þjóðlífi. Að auki eru þær mikilvæg atvinnugrein sem veitir fjölda manns vinnu og aftar mikilla gjaldeyristekna. Stórstígum framförum í samgöngumálum þjóðarinnar á undanförunum áratugum hafa þó einnig fylgt neikvæð áhrif á lífsgæði og umhverfi. Þannig hafa t.d. umferðarslys tekið allt of stóran toll og áhrif umferðar á umhverfið eru mikil og oftast neikvæð.

Eitt af brýnustu verkefnum næstu ára er að draga svo úr neikvæðum áhrifum samgangna að þau falli innan marka sjálfbærrar þróunar án þess þó að kostir góðra samgangna skerðist. Þá verður uppbygging samgöngukerfisins að stuðla að jákvæðri byggðaðróun, tryggja greiða flutninga til og frá landinu og jafnframt að við hvers kyns úrbætur sé sem hagkvæmstu leiða leitað.

Taflan sýnir minnkun á akstri á fimm stöðum á landinu á hringveginum frá árinu 2007 til 2011

Heimild: http://www.vegagerdin.is/media/frettir-2011/Throun-2005-2011_jan-desember.pdf

Hellisheiði	Úlfarsfell	Hvalfjarðargöng	Gljúfurá	Möðrudalsöræfi
13,87%	-2,57%	-9,2%	-2,76%	-2,62%